

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 19. apríl 2023.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Björg Bjarnadóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson og Halldór Oddsson.

Frá sambandinu: Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

**1. Samkomulag um frestun á niðurfellingu orlofsdaga**

Samkomulag hefur náðst við bandalög starfsmanna sveitarfélaga um frestun á niðurfellingu orlofsdaga skv. skýringarákvæði við gr. 4.3.1 í gildandi kjarasamningi. Breytingin á einungis við um skýringarákvæði við greinina.

Skýringarákvæðið samkvæmt nýjum kjarasamningum mun hljóða svo:

*Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.*

*Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringatexta við gr. 4.3.1 verið þeim aðstæðum mætt að hálfu vinnuveitanda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnað orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2023*

*Náist slíkt samkomulag ekki, stal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. maí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttað þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.*

**Mikilvægt er að sveitarfélög fari nú þegar í að undirbúa framkvæmd á frestun niðurfellingar orlofs samkvæmt breyttu skýringarákvæði, þar sem samkomulag þar um liggur fyrir.**

## 2. Uppsögn á fyrirkomulagi vinnuskila almenns starfsfólks grunnskóla - 2304016SA

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags, sat hjá við umræðu og afgreiðslu málsins.

Erindi frá Múlaþingi. Hjá tilteknum hópum starfsmanna grunnskóla Múlaþings hefur myndast fyrirkomulag sem felur í sér að þetta starfsfólk fái laun fyrir ákveðna daga án vinnuframlags. Um er að ræða þá virku daga sem grunnskólinn er lokaður vegna skólafría, þ.e. virku dagarnir í dymbilviku, vetrarfrí og jólafrí. Þessi viðbótarkjör, eða umframkjör, virðast hafa myndast vegna hefðar en hvergi er fjallað um þetta í ráðningarsamningi.

Tekin var ákvörðun um að segja upp þessum viðbótarkjörum m.a. í kjölfar á innleiðingu verkefnisins um styttingu vinnuvikunnar.

Ágreiningur hefur risið við Afl starfsgreinafélag um framkvæmd málsins.

### Niðurstaða:

Eftir að hafa farið yfir gögn málsins og ýtarlega umræðu beinir samstarfsnefndin þeim tilmælum til sveitarfélagsins og stéttarfélagsins að ræða framkvæmd málsins til lausnar sín á milli með það að markmiðið að skólastarf á yfirstandandi skólaári sem lýkur í júní næstkomandi raskist ekki vegna þessara breytinga.

## 3. Önnur mál

- a) Málefni þungaðra kvenna,  
Málið er í vinnslu hjá lögfræðingum aðila.
- b) Breytingar á störfum hjá Hafnarfjarðarbæ  
Spurt var hvort formlegt erindi hafi borist samstarfsnefnd.  
Svo er ekki.
- c) Rætt um hvenær von sé á endurskoðun á starfsmatinu.  
Sú vinna er á lokametrunum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.